



FUNDARGERÐ

**65. fundur Stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
haldinn í fjarfundi, 14. apríl 2020 og hófst hann kl. 14:30.**

Fundinn sátu:

Anton Kári Halldórsson, Hjalti Tómasson, Guðmundur Gíslason, Margrét Jóna Ísólfsdóttir, Valtýr Valtýsson, Leifur Bjarki Björnsson og Ólafur Rúnarsson.

Fundargerð ritaði: Anton Kári Halldórsson, Ritari.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit 2019-2020; Brunavarnir - 2004031

Margrét Jóna Ísólfsdóttir fjármálastjóri Rangárþings eystra fer yfir rekstraryfirlit Brunavarna Rangárþings bs. Reksturinn er í góðu jafnvægi, þó hefur dregið verulega úr launakostnaði.

Lagt fram

2. Slökkvistöð Hellu áfangi 2 - 2002047

Ólafur Rúnarsson fer yfir stöðu framkvæmdar við 2. áfanga slökkvistöðvar á Hellu. Framkvæmdir ganga vel og eru á áætlun.

Lagt fram

3. Lántaka; 2. áfangi slökkvistöðvar á Hellu - 2004032

Stjórn óskar eftir því við aðildarsveitarfélög að þau ábyrgist lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 25.000.000 kr. til byggingar slökkvistöðvar á Hellu. Um er að ræða fjármögnun 2. áfanga byggingarinnar sem jafnframt er lokaáfangi framkvæmdarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:22

Anton Kári Halldórsson

Hjalti Tómasson

Guðmundur Gíslason